

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Breyting á deiliskipulagi Hraungerðis.

Í breytingunni felst að byggingarreitur fjóss/hlöðu/hesthúss stækkar um 40 m til austurs. Gert er ráð fyrir breyttri lóð fyrir Hraungerði og nýrri lóð fyrir tankasvæði. Lóð fyrir heyrúlluplan hefur verið stækkuð og lóð vélageymslu færð lítillega til suðurs.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. apríl 2010.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 17. maí 2010.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 1. júní 2010